



Stefna í fjármálaeftirliti

Tilgangur og markmið

Markmiðið með fjármálaeftirlitsstefnu Seðlabanka Íslands er að stuðla að skilvirkum og öruggum fjármálamarkaði sem uppfyllir kröfur í lögum, reglum og viðmiðum sem um hann gilda og samræmist heilbrigðum og eðlilegum viðskiptaháttum. Tilgangurinn er að draga úr líkum á því að starfsemi eftirlitsskyldra aðila leiði til tjóns fyrir almenning og að fjármálamarkaðurinn njóti trausts til að gegna þjóðhagslegu hlutverki sínu. Stefnan tekur til þeirrar starfsemi sem fjármálaeftirlitinu er falin í lögum.

Megináherslur

Heilbrigður og traustur fjármálamarkaður

Við varúðareftirlit leggur fjármálaeftirlit Seðlabankans áherslu á að eftirlitsskyldir aðilar búi yfir getu, hæfni og fjárhagslegum styrk til að tryggja traustan eigin rekstur og viðnámsprótt gagnvart óvæntum áföllum. Jafnframt að rekstur eftirlitsskyldra aðila sé heilbrigður þannig að hagsmunir viðskiptavina, sjóðfélaga, hluthafa, stofnfjáreigenda og þjóðarbúsins alls séu hafðir að leiðarljósi. Heilbrigður og traustur rekstur eftirlitsskyldra aðila er ávallt á ábyrgð stjórnenda þeirra. Fjármálaeftirlit Seðlabankans hefur það að markmiði að draga úr líkum á að starfsemi eftirlitsskyldra aðila leiði til tjóns fyrir almenning og að standa vörð um fjármálastöðugleika.

Heilbrigðir og eðlilegir viðskiptahættir

Við eftirlit með viðskiptaháttum eftirlitsskyldra aðila er lögð áhersla á að upplýsingagjöf þeirra til viðskiptavina sé rétt og heiðarleg, ráðgjöf taki mið af hagsmunum viðskiptavina, gagnsæi sé í verðlagningu og að markaðsefni og söluvenjur séu hvorki villandi né blekkjandi.

Skilvirkur og öruggur verðbréfamarkaður

Fjármálaeftirlit Seðlabankans viðhefur virkt og öflugt eftirlit með skipulegum verðbréfamarkaði, enda er það forsenda skilvirks og öruggs verðbréfamarkaðar. Lögð er áhersla á eftirlit með upplýsingagjöf á markaði, að tryggja öryggi í uppgjöri verðbréfa ásamt því að vakta og bregðast við misferli í viðskiptum á markaði.

Aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka

Rík áhersla er lögð á að tilkynningarskyldir aðilar styrki varnir sínar gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka með öflugum áhættumiðuðum aðgerðum. Brugðist verður við alvarlegum eða kerfisbundnum misbrestum í vörnum tilkynningarskyldra aðila með viðeigandi aðgerðum, þ.m.t. beitingu viðurlaga.

Áreiðanlegt og vandað regluverk

Fjármálaeftirlit Seðlabankans fylgist náið með og tekur þátt í þróun laga og reglna á fjármálamarkaði, vandar til vinnu við setningu þeirra reglna sem Seðlabankanum er falið að setja og gerir tillögur til viðeigandi stjórnvalda um breytingar á leikreglum markaðarins þegar tilefni er til.

Traust

Fjármálaeftirliti Seðlabankans leggur áherslu á heiðarleg samskipti við eftirlitsskylda aðila og að gagnkvæmt traust ríki milli aðila.

Framkvæmd

Áhættumiðað eftirlit

Áhrifavægi og áhættumat ræður forgangsröðun eftirlitsverkefna. Ákvörðun um áhrifavægi byggir á mati á afleiðingum af hugsanlegu áfalli hlutaðeigandi eftirlitsskylds aðila hvað varðar fjármálastöðugleika og hagsmuni viðskiptavina. Áhættuþættir í starfsemi eftirlitsskyldra aðila eru skoðaðir kerfisbundið og mat lagt á áhættu og líkleg áhrif hennar á rekstur og efnahag þeirra. Áhersla er lögð á frumkvæðiseftirlit og fyrirbyggjandi eftirlit, m.a. með því að meta reglulega lífvænleika og sjálfbærni þeirra aðila sem hafa mikil áhrif á fjármálakerfið. Eftirlit er einnig viðhaft með aðilum sem hafa minna áhrifavægi í samræmi við hlutfallsreglu.

Fjármálaeftirlit Seðlabankans horfir ekki einungis til núverandi áhættu í starfsemi eftirlitsskyldra aðila þegar það rækir störf sín heldur leitast einnig við að greina líklega framtíðaráhættu.

Athuganir á starfsemi eftirlitsskyldra aðila

Fjármálaeftirlit Seðlabankans metur með skipulegum hætti hvort starfsemi eftirlitsskyldra aðila samræmist lögum eða öðrum réttarheimildum. Í því felst meðal annars mat á því hvort viðskiptahættir séu heilbrigðir og eðlilegir. Fjármálaeftirlit Seðlabankans gerir vettvangsathuganir og ýmsar annars konar athuganir í framangreindum tilgangi.

Inngrip í starfsemi og viðbrögð við áföllum í rekstri

Fjármálaeftirlit Seðlabankans bregst tímanlega og markvisst við áföllum í rekstri eftirlitsskyldra aðila. Telji fjármálaeftirlit Seðlabankans nauðsynlegt að grípa inn í starfsemi eftirlitsskyldra aðila til að milda áhættu og koma í veg fyrir álag á fjármálakerfið skal haft að leiðarljósi að gera það skjótt og af öryggi.

Beiting stjórnvaldsviðurlaga

Fjármálaeftirlit Seðlabankans beitir valdheimildum sínum af festu og á markvissan hátt til að ná markmiðum sínum um heilbrigði fjármálamarkaðarins. Fjármálaeftirlit Seðlabankans vinnur eftir og birtir *Stefnu um beitingu þvingunarúrræða og viðurlaga* sem ætlað er að tryggja jafnræði þegar beiting viðurlaga er ákveðin.

Opinber birting

Fjármálaeftirlit Seðlabankans leggur áherslu á gagnsæi í störfum sínum og birtir að eigin frumkvæði niðurstöður í málum og athugunum er varða þá aðila sem lúta eftirliti þess. Fjármálaeftirlit Seðlabankans vinnur eftir og birtir *Stefnu um opinbera birtingu á niðurstöðum*

stjórnsýslumála sem ætlað er að tryggja jafnræði milli aðila og viðeigandi gagnsæi við birtingu niðurstöðu mála.

Fjármálaeftirlit Seðlabankans birtir einnig opinberlega þau viðmið og aðferðafræði sem liggja til grundvallar áhættumati eftirlitsskyldra aðila og birtir leiðbeinandi tilmæli og aðrar leiðbeiningar til að auka fyrirsjáanleika þess hvað telst rétt framfylgni laga og reglna og heilbrigðir og eðlilegir viðskiptahættir.

Eftirlit í samræmi við alþjóðleg viðmið

Fjármálaeftirlit Seðlabankans fylgir alþjóðlegum kröfum og viðmiðum um bestu aðferðir við framkvæmd eftirlits með fjármálastarfsemi og beitir alþjóðlega viðurkenndum aðferðum í starfsemi sinni.

Samþykkt í fjármálaeftirlitsnefnd Seðlabanka Íslands, 24. nóvember 2022.



Ásgeir Jónsson,
seðlabankastjóri



Unnur Gunnarsdóttir,
varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits